

Alþingi
Erindi nr. P 136/858
komudagur 13.2.2009



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

13. febrúar 2009.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands
Þingskjal 506 – 280. mál

Við undirritaðir starfsmenn Viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík viljum koma eftirfarandi ábendingum á framfæri um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands.

Um skipan Peningastefnunefndar:

Tryggja þarf að í Peningastefnunefnd komi ávallt fram öll sjónarmið sem leggja beri til grundvallar ákvörðunum þess. Þannig þarf að tryggja að fulltrúar mismunandi sjónarmiða eigi sæti í nefndinni og að tryggja að þessi umræða fari fram. Jafnframt þarf að tryggja að þeir sem eiga sæti í nefndinni séu óháðir seðlabankastjóranum, t.d. hvað varðar afkomu eða starfsframa. Að auki þarf að tryggja þeim viðhlítandi aðstöðu til að geta sinnt störfum í nefndinni.

1. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Seðlabankastjóri velji alla nefndarmenn peningastefnunefndar, bæði innanbúðar og utanaðkomandi. Nefndinni er ætlað að veita bankastjóra aðhald, en með því að hann velji í nefndina er þessu skilyrði engan veginn fullnægt.
2. Eðlilegt er að starfsmenn Seðlabankans séu nefndinni til ráðgjafar. Það er hins vegar ekki eðlilegt að þeir, sem undirmenn seðlabankastjóra, sitji í Peningastefnunefnd.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir í nefndinni séu sérfræðingar á sviði peningamála. Þetta gerir nefndina heldur einsleita og tryggir ekki að sem flest viðhorf komi þar fram. Því væri til bóta að einhverjir nefndarmanna væru sérfræðingar í „raunstærðum“ frekar en „peningastærðum“. Þar er t.d. átt við sérfræðinga á sviði vinnumarkaðsmála eða sérfræðinga sem fylgjast með rekstrarumhverfi fyrirtækja. Til dæmis eru slíkir sérfræðingar í Peningastefnunefnd Seðlabanka Bretlands. Þar situr t.d. David Blanchflower sem er vinnumarkaðshagfræðingur. Skilgreina ber í lögum hvernig hinir utanaðkomandi sérfræðingar eru valdir. Mikilvægt er að þar komi fram að þeir

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlan 1, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími/Tel: (+354) 599 6200
Fax: (+354) 599 6201
www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK UNIVERSITY

skuli endurspegla þau fagsvið innan hag- og viðskiptafræða sem tengjast hagstjórn.

4. Að framan var bent á að óheppilegt væri að starfsmenn Seðlabankans, utan bankastjóra, ættu sæti í nefndinni. Ef svo færi að þessu ákvæði væri haldið til streitu þá er mikilvægt að gæta að hlutföllum innan nefndarinnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 3 af 5 nefndarmönnum séu frá Seðlabankanum. Þar með hafa þeir meirihluta og þeirra ákvörðun ræður niðurstöðu óháð hinum utanaðkomandi sérfræðingum. Aðaltilgangur Peningastefnunefndar er að þar fari fram umræða um stöðu mála og í framhaldi af því er tekin ákvörðun. Með þessari skipan gætu fulltrúar Seðlabanka ákveðið sig, gengið á fund Peningastefnunefndar og óháð viðhorfi hinna tveggja er ákvörðunin þeirra. Umræðan á sér því ekki stað. Eðlilegra væri að meirihluti væri utan Seðlabanka og því ekki hægt að taka ákvörðun nema takist að sannfæra a.m.k. einn utanaðkomandi sérfræðing um ágæti viðhorfs Seðlabankamanna. Þannig er tryggt að umræðan fari fram áður en ákvörðun er tekin.
5. Ef gert er ráð fyrir að allir nefndarmenn séu sérfræðingar á sviði peningamála verður erfitt að tilnefna konur í nefndina þar sem afar fáar íslenskar konur hafa sérhæft sig á sviði peningamála.

Atriði sem gert er ráð fyrir að verði áfram í lögum:

1. Áfram er gert ráð fyrir að Seðlabanki starfi samkvæmt verðbólguþolmiði. Reynslan af verðbólguþolmiði á Íslandi er ekki góð. Það er því ástæða til að bæta við bráðabirgðaákvæði þar sem tiltekið er að endurskoða skuli peningastefnuna innan tiltekins tíma í ljósi reynslunnar.
2. Ekki er gert ráð fyrir uppsagnarákvæði vegna bankastjóra. Þetta er óheppilegt í ljósi reynslunnar.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Virðingarfyllst,

Axel Hall, lektor

Friðrik Már Baldursson,
prófessor

Katrín Ólafsdóttir, lektor

Viðskiptadeild
Háskólans í Reykjavík
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlan 1, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími/Tel: (+354) 599 6200
Fax: (+354) 599 6201
www.hr.is